

BRÁÐABIRGÐALÖG

68

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi.

12. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem eigi hafi náðst samkomulag um rekstur barnaheimilisins Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, en þörfin fyrir rekstur slíks heimilis sé brýn, telji hann nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái heimild til að taka heimilið leigunámi.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi barnaheimilið Sólheima í Hverakoti í Grímsnesi, sem er sjálfseignarstofnun, ásamt jörðinni Hverakoti með húsum öllum og mannvirkjum, búpeningi, innanstokksmunum, ásamt annarri búslóð og öðru því, er stofnun þessari tilheyrir og ástæða þykir til að nota við rekstur heimilisins.

Um framkvæmd leigunáms þessa skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. september 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

BRÁÐABIRGÐALÖG

69

um breyting og viðauka við lög nr. 65 11. júní 1938, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

12. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að breyta nú þegar gildandi lagaákvæðum um skattgreiðslur útlendinga, sem hverfa héðan af landi burt, og færa ákvæði þessi til samræmis við tilsvarenda reglur útsvarslaga (nr. 66 1945). Sé þess vegna óhjákvæmilegt að heimila álagningu og innheimtu skatta hjá útlendingum og erlendis búsettum aðilum, þegar við brottför héðan af landi, í stað þess að slíku er nú frestað fram yfir næstu áramót eftir brottförina.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið: